



NPA námskeið

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er fjölbreytt og áhugavert verkefni. Til þess að tryggja að framkvæmdin verði árangursrík er mikilvægt að allir sem að koma þekki og hafi færni á þeim grunnþáttum sem mynda NPA. Félagsmálaráðuneytið hefur haft forgöngu um, í samvinnu við fjölmarga hagsmunaaðila, að bjóða upp á grunn- og framhaldsnámskeið um skipulag og framkvæmd NPA.

Námskeiðunum er ætlað að styrkja alla þætti þjónustunnar og valdefla NPA-notendur til að vera virkir verkstjórnendur í eigin lífi. Einnig er mikilvægt að þeir sem eiga einhverja aðild að NPA þekki til sem flestra hliða sem snúa að framkvæmdinni. Hér að neðan má sjá uppbyggingu og lýsingu á grunn- og framhaldsnámskeiðum um NPA.

Fyrirkomulag námskeiða

Stefnt er að því að halda 12 grunnnámskeið, 12 framhaldsnámskeið og 6 umsýslunámskeið á árinu 2020.

Tímasetningar námskeiðanna má finna í námskeiðsáætlun NPA námskeiða fyrir árið 2020.

Grunnnámskeiðin standa yfir í 4 vikur. Í hverri viku er ein 4 klukkustunda lota. Samtals eru grunnnámskeiðin því 16 klukkustundir. Í beinu framhaldi af grunnnámskeiðunum eru haldin framhaldsnámskeið sem eru ein 4 klukkustunda lota. Námskeiðin eru almennt haldin á sama tíma vikunnar og grunnnámskeiðin. Grunn- og framhaldsnámskeið eru ætluð notendum, aðstoðarfólki, aðstoðarverkstjórnendum, umsýsluaðilum og starfsfólki sveitarfélaga.

Umsýslunámskeiðin eru sérstaklega ætluð umsýsluaðilum hvort sem þeir eru notendur sjálfir eða aðrir aðilar. Námskeiðin eru haldin í kjölfar framhaldsnámskeiða. Umsýsluaðilar sækja umsýslunámskeið til viðbótar við grunn- og framhaldsnámskeið, samtals 24 klukkustundir.

Grunnnámskeið (16 klst)

1. lota

- Hugmyndfræðin um sjálfstæð líf (1 klst)
- Að vera NPA notandi - erindi frá notanda (1 klst)
- Lög og reglugerðir (1 klst)
- Helstu ákvæði í kjarasamningum (1 klst)

2. lota

- Helstu áherslur við framkvæmd NPA (2 klst)
- Helstu atriði í skyndihjálpi (2 klst)

3. lota

- Vinnuumhverfi og vinnuvernd í NPA (3 klst)
- Líkamsbeiting í vinnu (1 klst)

4. lota

- Samskipti á vinnustað (4 klst)

Framhaldsnámskeið (4 klst)

5. lota

- Samskipti á vinnustað – framhald (4 klst)

Umsýslunámskeið (4 klst)

6. lota

- Kynning á samstarfssamningi (1 klst)
- Skyldur umsýsluaðila (2 klst)
- Umræða um kjarasamninga (1 klst)